

IKEA eldhús

Upplýsingar um ábyrgðir

25

25

5

Heimilistæki, vaskar, blöndunartæki,
skápar, framhliðar og innvols



Daglegt heimilislíf gerir miklar kröfur til eldhússins. Til að tryggja að eldhúsinnréttingin þoli mikla þyngd, háan hita og daglega notkun eru eldhúsin okkar vandlega prófuð.

Við bjóðum þér 25 ára ábyrgð sem nær yfir galla í efni og framleiðslu á METHOD eldhúsum. Við bjóðum þér 10 ára ábyrgð sem nær yfir galla í efni og framleiðslu á ENHET eldhúsum. Við bjóðum þér 5 ára ábyrgð sem nær yfir galla í efni og framleiðslu á KNOXHULT eldhúsum. Öll eldhúsblöndunartæki eru með 10 ára ábyrgð og öll IKEA heimilistæki eru með 5 ára ábyrgð nema LAGAN og TILLREDA.

Ábyrgðin gildir aðeins fyrir heimilisafnot samkvæmt ábyrgðarskilmálum sem koma fram í þessum bæklingi.

25

METHOD eldhús eru með 25 ára ábyrgð.

10

ENHET eldhús og blöndunartæki eru með 10 ára ábyrgð.

5

KNOXHULT eldhús og IKEA heimilistæki eru með 5 ára ábyrgð.

Skúffur, skápar, framhliðar, borðplötur og vaskar

Hversu lengi gildir ábyrgðin?

Ábyrgðin gildir í uppgjöfnum árafjölda fyrir hverja vöru fyrir sig, frá þeim degi sem varan er keypt í IKEA. Upphafleg kvittun þarf að fylgja með sem staðfesting á kaupnum. Ábyrgðin gildir eingöngu fyrir þann aðila sem upprunalega kaupir vöruna. Hún færir ekki á milli eigenda.

Hvað fellur undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin nær aðeins til heimilisafnota og nær til galla í efni og framleiðslu.

25 ára ábyrgð

Ábyrgðin nær yfir eftirfarandi hluta METHOD eldhúslínunnar:

- Skápa (nema TORNVIKEN og VADHOLMA)
- Framhliðar
- UTRUSTA lamir
- MAXIMERA skúffur
- EXCEPTIONELL skúffur með þrýstiopnara
- UTRUSTA hillur
- Fætur og sökkla
- Hliðarklæðningar
- Ljósakappa/skrautlista og
- Borðplötur
- Vaska (nema FYNDIG)

10 ára ábyrgð

Ábyrgðin nær yfir eftirfarandi hluta ENHET eldhúslínunnar:

- Skápa
- Hillueiningar
- Framhliðar
- Lamir
- Skúffur
- Hillur
- Fætur
- Aukahluti (snúningshillu, hangandi hilluinnlegg, slá fyrir snaga og snaga) og
- ÄSPINGE eldhúskrók
- TORNVIKEN
- VADHOLMA eldhússkápa og húsgögn
- UTRUSTA vírgrindur

5 ára ábyrgð

Ábyrgðin nær yfir eftirfarandi hluta KNOXHULT eldhúslínunnar:

- Skápa
- Framhliðar
- Lamir
- Skúffur
- Hillur
- Borðplötur og
- UTRUSTA þrýstiopnara, rafmagns

Vörur sem ekki falla undir 25, 10 eða 5 ára ábyrgðirnar:

Hnúðar, höldur, SUNNERSTA eldhús og FYNDIG vaskar.

Hvað gerir IKEA til að leysa vandann?

IKEA skoðar vöruna og tekur ákvörðun um hvort ábyrgðin gildi í hverju tilfalli fyrir sig. IKEA áskilur sér rétt til að úrskurða um það eins fljótt og auðið er eftir að vörunni er skilað. Ef ábyrgðin er í gildi ákveður IKEA hvort gert er við vöruna eða henni skipt út fyrir sömu vöru eða sambærilega. IKEA ber þá kostnað af viðgerð, varahlutum, vinnu og ferðum starfsfólks sem IKEA fær til viðgerðanna. Þetta á þó aðeins við ef varan er aðgengileg án þess að viðbótarkostnaður hljóti af. Þetta á ekki við í þeim tilfellum þar sem viðgerð hefur farið fram án heimildar IKEA. Allir gallaðir hlutar sem fjarlægðir eru við viðgerð eru eign IKEA.

Ef varan er ekki lengur seld hjá IKEA verður viðskiptavini útveguð sambærileg vara. IKEA áskilur sér rétt til að ákveða hverju sinni hvað er sambærileg vara.

Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin nær ekki yfir venjulega notkun, rispur eða skemmdir vegna óhappa eða högga.

Ábyrgðin gildir ekki um vörur sem hafa verið geymdar, settar saman eða settar upp á rangan hátt, notaðar á óviðeigandi hátt, hlotið slæma meðhöndlun, verið breyttar eða hreinsaðar með röngum efnum eða aðferðum.

Ábyrgðin nær ekki yfir skaða vegna tilfallandi eða afleidds tjóns.

Samsetningar- og umhirðuleiðbeiningar

Til að viðhalda ábyrgðinni er nauðsynlegt að fylgja umhirðuleiðbeiningum fyrir hverja vöru. Þú finnur allar samsetningar- og umhirðuleiðbeiningar á IKEA.is.

Uppsetning

Eldhúsinnréttingar þarf að festa tryggilega við vegg. Gættu þess að veggirnir í eldhúsinu þoli þyngd húsgagnanna, því röng uppsetning getur valdið skemmdum eða slysum. Hafðu samband við fagaðila ef þú ert í vafa um uppsetninguna. Veggir eru mismunandi og þurfa því mismunandi skráfur og festingar. Hafðu samband við fagaðila til að fá ráðleggingar um hvaða skráfur og festingar henta veggjunum þínum.

Öryggi og eftirlit

METHOD eldhúseiningarnar, þar á meðal grunnskápar, framhliðar, borðplötur, skúffur og lamir, hafa verið þróaðar og prófaðar í samræmi við viðeigandi Evrópustaðla er varða öryggi og prófanir: EN 14749, EN 16122 og EN 12720. Borðplöturnar hafa verið prófaðar samkvæmt eftirfarandi stöðlum: EN 12721 og EN 12722. Allar þessar vörur hafa einnig verið prófaðar samkvæmt sérstökum kröfum sem IKEA hefur sett til að geta boðið upp á 25 ára ábyrgð.

Evrópustaðlarnir segja til um hvernig uppbyggingu, vélrænum styrk, öryggi og framleiðslukröfum skuli háttað innan Evrópusambandsins (ESB).

Almenn réttindi

Ábyrgðin veitir þér tiltekin réttindi. Hún hefur á engan hátt áhrif á lagalegan rétt þinn.

Hafðu samband

Ef þú þarft frekari upplýsingar getur þú haft samband við IKEA í síma 520 2500 eða á [IKEA.is](https://www.ikea.is).

Blöndunartæki

Hversu lengi gildir ábyrgðin?

Ábyrgðin á eldhúsblöndunartækjum til notkunar innanhúss gildir í 10 ár frá þeim degi sem varan er keypt í IKEA. Upphafleg kvittun þarf að fylgja með sem staðfesting á kaupunum. Ábyrgðin gildir eingöngu fyrir þann aðila sem upprunalega kaupir vöruna. Hún færir ekki á milli eigenda.

Hvaða blöndunartæki falla ekki undir þessa ábyrgð?

KALLSJÖN krani fyrir kalt vatn er með 2 ára ábyrgð sem gildir frá kaupdegi.

Hvað fellur undir þessa ábyrgð?

Þessi 10 ára ábyrgð nær til allra IKEA eldhúsblöndunartækja. Ábyrgðin nær aðeins til heimilisafnota og nær til galla í efni og framleiðslu á öllum IKEA eldhúsblöndunartækjum. Vöurnar okkar eru prófaðar langt umfram alla alþjóðlega staðla og við notum aðeins gæðaihluti til að tryggja endingu þeirra.

Ábyrgðin nær ekki yfir venjulega notkun, rispur eða skemmdir vegna óhappa eða högga. Ábyrgðin nær ekki yfir síu/vatnssparandi búnað sem þarf að hreinsa reglulega og skipta út eftir þörfum.

Fylgdu leiðbeiningum um samsetningu og umhirðu. Ábyrgðin gildir ekki um vörur sem hafa verið geymdar, settar saman eða settar upp á rangan hátt, notaðar á óviðeigandi hátt, hlotið slæma meðhöndlun, verið breyttar eða hreinsaðar með röngum efnum eða aðferðum.

Ábyrgðin gildir ekki ef varan hefur verið notuð annars staðar en á heimilum, utandyra eða í tærandi umhverfi. Ábyrgðin nær ekki yfir skaða vegna tilfallandi eða afleidds tjóns.

Hvað gerir IKEA til að leysa vandann?

IKEA skoðar vöruna og tekur ákvörðun um hvort ábyrgðin gildi í hverju tilfelli fyrir sig. IKEA áskilur sér rétt til að úrskurða um það eins fljótt og auðið er eftir að vörunni er skilað. Ef ábyrgðin er í gildi ákveður IKEA hvort gert er við vöruna eða henni skipt út fyrir sömu vöru eða sambærilega. IKEA ber þá kostnað af viðgerð, varahlutum, vinnu og ferðum starfsfólks sem IKEA fær til viðgerðanna. Þetta á þó aðeins við ef varan er aðgengileg án þess að viðbótarkostnaður hljóti af. Þetta á ekki við í þeim tilfellum þar sem viðgerð hefur farið fram án heimildar IKEA. Blöndunartæki sem skipt er út er eign IKEA. Ef varan er ekki lengur seld hjá IKEA verður viðskiptavininn útveguð sambærileg vara. IKEA áskilur sér rétt til að ákveða hverju sinni hvað er sambærileg vara.

Vottun

Sum lönd krefjast sérstakrar vottunar fyrir blöndunartæki sem ætluð eru fyrir eldhús. Blöndunartækin okkar bera viðeigandi vottun fyrir alla markaði.

Almenn réttindi

Ábyrgðin veitir þér tiltekin réttindi. Hún hefur á engan hátt áhrif á lagalegan rétt þinn.

Hafðu samband

Ef þú þarft frekari upplýsingar getur þú haft samband við IKEA í síma 520 2500 eða á [IKEA.is](https://www.ikea.is).

Heimilistæki

Hversu lengi gildir ábyrgðin?

Ábyrgðin gildir í 5 ár frá kaupdegi í IKEA. TILLREDA og LAGAN heimilistæki eru með 2 ára ábyrgð frá kaupdegi í IKEA.

Upphafleg kvittun þarf að fylgja með sem staðfesting á kaupunum. Ábyrgðin gildir eingöngu fyrir þann aðila sem upprunalega kaupir vöruna. Hún færist ekki á milli eigenda.

Ef viðgerð fer fram á meðan ábyrgð er enn í gildi framlengist ábyrgðin ekki á heimilistækinu eða þeim hlutum sem skipt er út.

Hvað fellur undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin nær til bilana á heimilistækjunum sem stafa af galla í efni eða framleiðslu sem koma í ljós eftir kaup hjá IKEA. Þessi ábyrgð nær aðeins til heimilisafnota. Undantekningar eru tilgreindar í kaflanum „Hvaða heimilistæki falla ekki undir þessa ábyrgð?“

Hvaða vörur falla undir þessa ábyrgð?

Þessi 5 ára ábyrgð gildir fyrir heimilisafnot á öllum heimilistækjunum okkar, nema LAGAN og TILLREDA, og nær til galla í efni og framleiðslu.

Hvaða heimilistæki falla ekki undir þessa ábyrgð?

LAGAN og TILLREDA heimilistækin eru með 2 ára ábyrgð frá kaupdegi í IKEA.

Hvað gerir IKEA til að leysa vandann?

IKEA skoðar vöruna og tekur ákvörðun um hvort ábyrgðin gildi í hverju tilfelli fyrir sig. IKEA áskilur sér rétt til að úrskurða um það eins fljótt og auðið er eftir að vörunni er skilað.

Ef ábyrgðin er í gildi ákveður IKEA hvort gert er við vöruna eða henni skipt út fyrir sömu vöru eða sambærilega.

Allur kostnaður vegna viðgerða, aukahluta, vinnu og flutninga verður greiddur meðan ábyrgðin er enn í gildi, svo lengi sem tækið er aðgengilegt fyrir viðgerð án þess að aukakostnaður hljóti af.

Leiðbeiningar Evrópusambandsins (nr. 99/44/EG) og íslenskar reglur gilda um þessa skilmála. Allir gallaðir hlutar sem fjarlægðir eru við viðgerð eru eign IKEA. Ef viðurkenndur þjónustuaðili IKEA gerir við eða skiptir út gallaðri vöru undir skilmálum þessarar ábyrgðar mun þjónustuaðilinn sjá um að setja tækið aftur upp á sinn stað ef þörf er á. Þetta á eingöngu við um ef tækið er aðgengilegt fyrir viðgerð. Ef tækið hefur verið sett upp á annan hátt en hefðbundin uppsetning segir til um þarf kaupandi að gera tækið aðgengilegt áður en þjónustuaðili kemur á staðinn.

Hver annast þjónustuna?

Viðurkenndir þjónustuaðilar sjá um alla þjónustu.

Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?

- Skemmdir sem unnar eru viljandi eða óviljandi á tækinu, t.d. vegna vanrækslu, leiðbeiningum er ekki fylgt, rangrar uppsetningar, tengingar við ranga rafspennu, efnaskemmda, ryðskemmda, tæringar vegna ryðs eða vegna skemmda eins og kalkskemmda og skemmda sem verða vegna óeðlilegra aðstæðna.
- Hlutir eins og rafhlöður og ljós.
- Hlutir sem eru til skrauts og annað sem hefur engin áhrif á venjulega virkni tækisins, eins og rispur eða litabreytingar
- Skemmdir sem orsakast af öðrum utanaðkomandi hlutum eða efnum þegar sápuhólf, sía eða afrennslisrör eru hreinsuð.
- Skemmdir á eftirfarandi hlutum: Keramikgleri, fylgihlutum, hnífaparakörfum, að- og frárennslisrörum, þéttingu, ljósum og ljósaflífum, skjáum, hnúðum, fódringu eða hluta af fódringu, nema hægt sé að sanna að skemmdirnar stafi af framleiðslugöllum.
- Tilfelli þar sem engin bilun finnst við skoðun viðgerðarmanns
- Þegar viðgerðir fara fram hjá þjónustuaðilum sem IKEA hefur ekki valið og/ eða viðurkennt eða aðrir varahlutir notaðir sem eru ekki frá viðurkenndum þjónustuaðila.
- Viðgerðir sem þarf að framkvæma vegna rangrar uppsetningar þar sem ekki var farið eftir leiðbeiningum.
- Notkun tækisins annars staðar en á heimilum, þ.e. í einhvers konar atvinnustarfsemi.
- Skemmdir við flutninga. IKEA ber ekki ábyrgð á skemmdum sem geta orðið þegar viðskiptavinur flytur heimilistækið. Ef IKEA flytur heimilistækið heim til viðskiptavinar ber fyrirtækið ábyrgð á skemmdum (fellur undir aðra ábyrgð). Hafðu samband við þjónustuver IKEA á IKEA.is ef slíkar skemmdir eiga sér stað.
- Kostnaður við uppsetningu tækisins fellur ekki undir þessa ábyrgð.

Þessar takmarkanir eiga ekki við um gallalausar uppsetningu þar sem notast er við upphaflega varahluti til að laga tækið að tæknilegum öryggiskröfum annars lands innan Evrópusambandsins.

Almenn réttindi

Ábyrgðin veitir þér tiltekin réttindi. Hún hefur á engan hátt áhrif á lagalegan rétt þinn.

Gildissvið

Ef heimilistæki eru keypt í einu Evrópusambandslandi og flutt til annars Evrópusambandslands er veitt þjónusta í samræmi við ábyrgðarskilmála í landinu sem flutt var til. Skylda til að veita þjónustu samkvæmt ábyrgðarskilmálum er aðeins veitt ef heimilistækið stenst og er sett upp í samræmi við:

- tæknilegar kröfur landsins þar sem ábyrgðarkrafan er sett fram.
- samsetningar- og uppsetningarleiðbeiningar og öryggisupplýsingar sem fylgja heimilistækinu.

Hafðu samband

Ef þú þarft frekari upplýsingar getur þú haft samband við IKEA í síma 520 2500 eða á IKEA.is.

Þjónusta eftir kaup á heimilistæki

Vinsamlega hringdu í númerið sem gefið er upp á pappírnum sem fylgja heimilistækinu. Til að tryggja að við getum veitt sem besta þjónustu þarftu að lesa leiðbeiningarnar vandlega áður en þú hefur samband. Við biðjum þig vinsamlega að hafa vörunúmer tækisins tiltækt þegar þú hringir. Þú finnur átta talna vörunúmerið á kvittuninni sem og á tækinu sjálfu.

Geymdu kvittunina

Hún er staðfesting á kaupunum og hennar er krafist til að ábyrgðin gildi. Ef eitthvað kemur upp á eða ef varan stenst ekki kröfur þínar, vinsamlega hafðu þá samband við IKEA á [IKEA.is](https://www.ikea.is) eða hringdu í 520 2500.

